



# SKÝRSLA STJÓRNAR 2020-2021

## Félag um innri endurskoðun

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

Heimasíða: [www.fie.is](http://www.fie.is)

Facebook: Félag um innri endurskoðun

# EFNISYFIRLIT

Stjórn og nefndir _____	3
Stjórn _____	3
Fræðslunefnd _____	3
Alþjóða- og staðlanefnd _____	3
Siðanefnd _____	3
Þakkir til félagsmanna _____	4
Starfsemi félagsins _____	5
Fræðslukönnun 2020 _____	5
Alþjóðlegt samstarf um fræðslu _____	5
Haustráðstefna 2020 _____	6
Innri endurskoðunardagurinn 2021 _____	6
Greinar skrif í fjölmiðlum _____	6
Morgunverðarfundir 2020-2021 _____	7
Nefndarstarf _____	7
Stefna stjórnar 2020-2022 _____	8
Global Assembly _____	8
Upplýsingamiðlun til Alþjóðasamtakanna _____	8
Þýðing á Þriggja Þrepa Líkaninu _____	8
Starfsreglur stjórnar _____	8
Ársreikningur 2020 _____	9
Samantekt _____	9
Rekstrarreikningur 2020 í þús.kr. _____	9
Efnahagsreikningur 2020 í þús.kr. _____	9
Skoðunarmaður félagsins _____	9

# STJÓRN OG NEFNDIR

Á aðalfundi 2020 voru eftirfarandi félagsmenn kosnir til tveggja ára í stjórn félagsins: Ingunn Ólafsdóttir, Anna Sif Jónsdóttir og Sigrún Lilja Sigmarsdóttir. Björn Snær Atlason og Jón Sigurðsson voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi árið 2019 og sátu því áfram. Stjórnin skipti með sér verkum og var skipting eftirfarandi:

## Stjórn


Ingunn Ólafsdóttir, formaður.

Anna Sif Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Björn Snær Atlason, ritari.

Jón Sigurðsson, gjaldkeri.

Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, meðstjórnandi.



Á starfsárinu 2020-2021 voru haldnir 11 stjórnarfundir, átta fjarfundir og þrjár staðfundir.

## Fræðslunefnd

Jóhanna María Einarsdóttir, formaður og með henni störfuðu Hrefna Gunnarsdóttir og Ágústa Berg.

## Alþjóða- og staðlanefnd

Auðbjörg Friðgeirsdóttir, formaður.

## Siðanefnd

Ingi Magnússon, formaður.



### Fjöldi félagsmanna og faggildingar á árinu

Félagsmenn voru 85 talsins í lok árs 2020 og hefur fjöldi þeirra haldist svipaður á síðustu árum. Þá hafa 22 félagsmenn (38%) faggildingu í innri endurskoðun.

Einn félagsmaður hlaut fagvottun á starfsárinu 2020-2021:

- Kristín Aðalheiður Birgisdóttir, faggilding í innri endurskoðun (CIA)

### Þakkar til félagsmanna

Stjórn félagsins vill þakka öllum félagsmönnum og öðrum aðilum sem lagt hafa félaginu lið með þátttöku sinni í nefndum, fyrirlestrum eða mætingu á fundi félagsins. Auk þess óskar stjórn framangreindum félagsmanni sem hlaut faggildingu á þessu ári innilega til hamingju og býður nýja félagsmenn hjartanlega velkomna í félagið.



*Reykjavík, 28. maí 2021*

*f.h. stjórnar Félags um innri endurskoðun,*

*Ingunn Ólafsdóttir*

*formaður*

# STARFSEMI FÉLAGSINS

Félag um innri endurskoðun var stofnað árið 2003. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við innri endurskoðun, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð og umræðu og þróun innri endurskoðunar á Íslandi.

## Fræðslustarf

### Fræðslukönnun 2020

Félagið gegnir veigamiklu hlutverki við að skapa félagsmönnum grundvöll til að sækja sér endurmenntunareiningar með þátttöku í viðburðum sem haldnir eru á vegum félagsins. Í lok júní 2020 stóð fræðslunefnd að árlegri könnun meðal félagsmanna um starfsemi félagsins og áhuga á fræðsluefni.

Félagsmenn voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með starfsemi félagsins á kvarðanum 0 upp í 100 (100 mjög ánægður). Að meðaltali gáfu félagsmenn starfseminni 78 stig sem er sambærilegt og árið á undan. Rúmlega 80% félagsmanna voru frekar eða mjög líklegir til að mæta á Innri endurskoðunardaginn 2020 um haustið (féll niður) og höfðu mikinn áhuga á Haustráðstefnu félagsins. Hér fyrir neðan er listi yfir þau fræðsluefni sem skoruðu hæst árið 2020 samanborin við niðurstöðurnar frá árinu á undan. Niðurstöðunum er raðað eftir vegnu meðaltali (5=mikill áhugi). Mikill áhugi var meðal félagsmanna á samtímaendurskoðun og greiningartólum í könnun síðasta árs. Fræðslunefnd studdist við niðurstöðurnar við gerð fræðsluáætlunar 2020-2021.

### Niðurstöður fræðslukönnunar 2019 og 2020

2019	2020
1. Misferli og sviksemi (4,26)	1. Samtímaeftirlit og endurskoðun (4,39)
2. Netöryggismál (4,12)	2. Greiningartól (Excel, ACL, TeamMate) (4,25)
3. ERM (4,10)	3. Misferli og sviksemi (4,2)
4. Samtímaendurskoðun og - eftirlit (4,04)	4. Áhættumiðuð endurskoðunaráætlun (4,16)
5. COSO (4,00)	5. Verkefnaáætlun og áhættumat úttektar (4,16)
6. Greiningartól (3,98)	6. Netöryggismál (4,11)
7. Áhættumiðuð endurskoðunaráætlun (3,98)	7. Gagnagreiningar (Big data, data mining) (4,05)
8. Almenn tölvuendurskoðun (3,92)	8. Nýja útgáfu af Lines of Defence (3,98)
9. Verkefnaáætlun og áhættumat úttektar (3,90)	9. Enterprise Risk Management (ISO 31000) (3,89)
10. Gagnagreiningar (3,88)	10. Gervigreind (machine learning, robotics) (3,86)

### Alþjóðlegt samstarf um fræðslu

Fræðslunefnd vann að því að efla samstarf í fræðslumálum við aðildarfélögin í Evrópu til að auka framboð og fjölgja valkostum félagsmanna til endurmenntunar. Félagsmönnum bauðst að sækja veffræðslu hjá aðildarfélögunum á Norðurlöndunum, m.a. ráðstefnu aðildarfélagsins í Svíþjóð um stjórnarhætti, áhættu og hlífni/fylgni dagana 4.- 5. maí 2021. Í samstarfi við aðildarfélagið í Frakklandi stóð félagsmönnum til boða að sækja vottunarnámskeið í COSO ERM og COSO IC vikuna 14.-18. desember 2020.

## Haustráðstefna 2020

Haustráðstefna FIE fór fram dagana 15.-16. október 2020 og að þessu sinni var fjallað um gagnagreiningar í Excel. Ráðstefnan fór fram með fjarfundarbúnaði vegna Covid takmarkana. Fyrirlesari var Robin Clough, framkvæmdastjóri Data Consulting, en hann hefur mikla reynslu í gagnastjórnun og gagnagreiningum hjá endurskoðunarskrifstofum í Bretlandi. Uppselt var á ráðstefnuna en í boði voru 20 sæti. Mikil ánægja var meðal þátttakenda með námskeiðið.



Robin Clough

## Innri endurskoðunardagurinn 2021

Innri endurskoðunardagurinn er sá viðburður félagsins sem nýttur hefur verið til að kynna starfsstéttina og fagið út á við. Ráðstefnan fór fram þann 28. apríl 2021 og var yfirskrift hennar: „Af hverju innri endurskoðun?“. Alls sóttu um 65 manns fjarráðstefnuna. Á henni fluttu fimm fyrirlesarar erindi: Anna Margrét Jóhannesdóttir, fagstjóri innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, Nanna Huld Aradóttir, innri endurskoðandi Seðlabanka Íslands, Gunnar Baldvinsson, framkvæmdarstjóri Almenna lífeyrissjóðsins, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Inga Björg Hjaltadóttir, stjórnarmaður Kviku banka. Stjórnin þakkar fyrirlesurum kærlega fyrir þeirra framlag.



## Greinar skrif í fjölmiðlum

Í tengslum við viðburðinn var ákveðið að hvetja félagsmenn til að skrifa greinar um viðfangsefni fagstéttarinnar til birtingar í fjölmiðlum. Stjórnin fékk H:N Markaðssamskipti sér til aðstoðar við að undirbúa daginn, streyma ráðstefnunni og koma greinunum á framfæri. Eftirfarandi greinar birtust á starfsárinu í:

1. Viðskiptablaðinu (9.6.2020) eftir Önnu Sif Jónsdóttur: „*Innri endurskoðun í ríkisstofnunum?*“
2. Viðskiptablaðinu (24.8.2021) eftir Grétu Gunnarsdóttur: „*Að lifa með svörtum svönun?*“
3. Fréttablaðinu (14.10.2020) eftir Ingunni Ólafsdóttur: „*Er ekki kominn tími?*“
4. Viðskiptablaðinu (26.10.2020) eftir Önnu Sif Jónsdóttur: „*Vinsamlegast hinkrið eftir starfsmann!*“
5. Fréttablaðinu (29.4.2020) eftir Önnu Sif Jónsdóttur: „*Hverjir eru einkabjálffarar stjórnenda?*“
6. á Vísir.is (26.5.2021) eftir Önnu Sif Jónsdóttur, *Við hvað geta allir unnið?*
7. Morgunblaðinu (28.5.2021) eftir Sif Einarsdóttur: „*Af hverju innri endurskoðun hjá ríkisstofnunum?*“

## Morgunverðarfundir 2020-2021

Á starfsárinu voru fjórir morgunverðarfundir haldnir:

1. **Gervigreind, sjálfvirknivæðing og innri endurskoðun og Innleiðing á Evrópureglum um endurskoðun og endurskoðendur (25. september 2020).** Fyrirlesarar voru tveir, fyrst fór Páll M. Ríkarðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, yfir viðhorfskönnun meðal innri endurskoðanda á Íslandi til notkunar á gervigreind í innri endurskoðun og síðan fór Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi EY, yfir innleiðingu Íslands á Evrópureglum um endurskoðun sem tóku gildi 1. janúar 2020. Fundurinn var rafrænn og var aðgangur ókeypis. 46 þátttakendur.
2. **Three Lines Model (25. nóvember 2020).** Fyrirlesari var Sigríður Guðmundsdóttir, innri endurskoðandi Arion banka. Hún kynnti uppfærslu á líkani Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda sem gefi var út í júlí 2020. Fundurinn var rafrænn og var aðgangur ókeypis. 83 þátttakendur.
3. **Viðskiptasiðferði (15. febrúar 2021).** Fyrirlesari var Niiana Ratsula, stofnandi Code of Conduct Company. Hún kynnti niðurstöður úr Nordic Business Ethics Survey 2020 sem náði til 4.200 starfsmanna á Norðurlöndunum. Fundurinn var rafrænn og var aðgangur ókeypis. 31 þátttakendur.
4. **WireCard málið og Er allt klárt fyrir næsta gos? (18. mars 2021).** Fyrirlesarar voru tveir, fyrst fór Hinrik Pálsson, sérfræðingur í innri endurskoðun hjá Íslandsbanka, yfir söguna um fall þýska greiðslumiðlunarfyrtækisins Wirecard og síðan fór Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka, yfir áhættur í rekstri varðandi náttúruhamfarir. Fundurinn var rafrænn og var aðgangur ókeypis. 72 þátttakendur.



Páll M. Ríkarðsson og Margrét Pétursdóttir



Sigríður Guðmundsdóttir



Niiana Ratsula



Hinrik Pálsson og Ágúst Hrafnkelsson

Yfir 250 þátttakendur voru á viðburðum félagsins á starfsárinu og voru 19 endurmenntunareiningar í boði.

## Nefndarstarf

### Alþjóða- og staðlanefnd

Engin starfsemi var hjá nefndinni á árinu.

### Síðanefnd

Engin mál bárust nefndinni.

### Faghópar um innri endurskoðun í opinbera geiranum.

Anna Margrét Jóhannesdóttir var umsjónarmaður hópsins. Hún er fulltrúi félagsins í NORPIA hópnem sem er samstarf aðildarfélaganna á Norðurlöndunum meðal innri endurskoðenda í opinbera geiranum. Hópurinn hittist á fjórum fjárfundum í vetur. Engin starfsemi var í öðrum faghópum.

## Innra starf félagsins

### Stefna stjórnar 2020-2022

Stjórn félagsins hefur unnið eftir samþykktri stefnu félagsins fyrir árin 2020-2022. Í stefnunni eru fjögur markmið og 14 skilgreindar aðgerðir til að ná þeim. Markmiðin eru:

- A. Vera leiðandi við að byggja upp fagþekkingu á sviði innri endurskoðunar
- B. Auka sýnileika og umræðu um ávinning innri endurskoðunar meðal hagsmunaaðila á Íslandi
- C. Byggja upp gott innra starf á vegum félagsins, efla samskipti félagsmanna og fjölga félagsmönnum
- D. Styrkja tengsl við fagfélög innri endurskoðenda á alþjóðavísu, einkum IIA, ECIIA og systurfélög FIE á Norðurlöndum

### Global Assembly

Fulltrúar félagsins í Global Assembly voru þær Ingunn Ólafsdóttir, aðalfulltrúi og Sigrún Lilja Sigmarisdóttir, varafulltrúi. Tveir fjárfundir fóru fram veturinn 2020-2021 sem aðalfulltrúi sat fyrir hönd félagsins. Fyrri fundurinn fór fram þann 22. október og var honum skipt upp í nokkrar málstofur þar sem rætt var um breytingar á starfsumhverfi innri endurskoðenda vegna COVID-19 og þær breytingar sem vænta má í nánustu framtíð. Seinni fundurinn var haldinn 22. febrúar 2021 þar sem rætt var um Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

### Upplýsingamiðlun til Alþjóðasamtakanna

Félagið þarf reglulega að standa skil á starfsemisupplýsingum til Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda og taka þátt í skoðanakönnunum um ýmis mál. Einnig þarf félagið að miðla efni frá samtökunum til félagsmanna. Efnið er birt á heimasíðu félagsins og sent til félagsmanna í tölvupósti.

### Þýðing á Þriggja Þrepa Líkaninu

Alþjóðasamtök innri endurskoðanda gáfu út þann 1. júlí 2020 nýja uppfærslu á þriggja þrepa eftirlitslíkaninu (e. Three Lines of Defence) sem kallast nú þriggja þrepa líkanið (e. The IIA's Three Lines Model). Samhliða uppfærslunni lét stjórnin þýða uppfærða líkanið yfir á íslensku og er sú útgáfa nú aðgengileg á heimasíðu félagsins og á heimasíðu IIA.

### Starfsreglur stjórnar

Stjórn FIE samþykkti nýjar starfsreglur stjórnar þann 27. janúar 2021. Starfsreglurnar voru uppfærðar m.a. í samræmi við kröfur um stjórnarhætti sem Alþjóðasamtök innri endurskoðanda setja aðildarfélögum. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

# ÁRSREIKNINGUR 2020

## Samantekt

Á árinu 2020 varð 783 þús.kr. halli af rekstri félagsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 6.961 þús.kr, skuldir 830 þús.kr. og eigið fé nam 6.131 þús.kr. í árslok 2020. Eiginfjárhlutfall félagsins var 88,1%

## Rekstrarreikningur 2020 í þús.kr.

Lýsing - í þús.kr.	2020	2019	Breyting þús.kr.
Rekstrartekjur	2.829	11.463	-8.634
Rekstrargjöld	3.622	12.417	-8.795
Fjármunatekjur og -gjöld	10	38	-28
Halli ársins	-783	-915	132

## Efnahagsreikningur 2020 í þús.kr.

Lýsing - í þús.kr.	2020	2019	Breyting þús.kr.
Eignir	6.961	6.927	34
Skuldir	830	14	816
Eigið fé	6.131	6.913	-782
Skuldir og eigið fé alls	6.961	6.927	34

## Skoðunarmaður félagsins

Skoðunarmaður er kosinn á aðalfundi félagsins annað hvert ár. Á aðalfundi í maí 2018 var Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá BDO, kosin skoðunarmaður félagsins.

Fjárstoð ehf. sér um bókhald félagsins, mánaðaruppgjör, innheimtu tekna og greiðslu reikninga.